

Sölufélag garðyrkjumanna ehf
Brúarvogi 2
104 Reykjavík

Selfossi, 20. ágúst 2025
UOS2502323/K.S.G.

Söluskrár 2024 fyrir notendaleyfis skyldar vörur og tilnefning ábyrgðaraðila - Málslok

Vísað er til bréfs dags. 3. mars 2025 þar sem Umhverfis- og orkustofnun kallaði eftir skrá yfir sölu á notendaleyfis skyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum fyrir árið 2024 og upplýsingum um ábyrgðaraðila í markaðssetningu notendaleyfis skyldra vara. Stofnunin hefur nú lokið úrvinnslu á innsendum gögnum.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins og þær kröfur sem gilda um markaðssetningu, kaup og móttöku notendaleyfis skyldra vara vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Engin viðskipti með notendaleyfis skyldar vörur fóru fram hjá fyrirtækinu á árinu 2024. Málinu telst því lokið.

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á ábyrgð fyrirtækja skv. 4. mgr. 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna en þar er kveðið á um að sá sem markaðssettur notendaleyfis skyldar vörur beri ábyrgð á því að einungis handhafa gilds notendaleyfis séu afhentar slíkar vörur.

Sala á notendaleyfis skyldum vörum til einstaklinga sem ekki eru með notendaleyfi í gildi telst vera brot á ákvæðum 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021.

Lista yfir einstaklinga sem eru með notendaleyfi í gildi hverju sinni má nálgast [hér](#).

Fyrirtækið seldi engar notendaleyfis skyldar vörur á árinu 2024 og ber því ekki skylda til að tilnefna ábyrgðaraðila í markaðssetningu notendaleyfis skyldra vara. Vakin er athygli á að ef fyrirtækið hyggst markaðssetja notendaleyfis skyldar vörur í framtíðinni þarf það að tilnefna ábyrgðaraðila í markaðssetningu.

Lista yfir söluaðila notendaleyfis skyldra vara, sem tilnefnt hafa ábyrgðaraðila í markaðssetningu hverju sinni, má nálgast [hér](#).

Til upplýsinga er athygli vakin á því að frá og með næsta ári (2026) mun Umhverfis- og orkustofnun leggja stjórnvaldssektir á lögaðila sem afhenda notendaleyfis skyldar vörur til viðskiptavina sem ekki eru með notendaleyfi í gildi fyrir plöntuverndarvörum eða útrýmingarefnum eftir því sem við á, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 62. gr. efnalaga nr. 61/2013. Fyrirtækinu verða sendar nánari upplýsingar um fyrirkomulag við beitingu stjórnvaldssekta síðar.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Silja Guðlaugsdóttir, sérfræðingur Umhverfis- og orkustofnunar, í síma 569-6000 eða gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@uos.is.

Virðingarfyllst,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir,

Teymi efnamála

Ísak Sigurjón Bragason

Teymi efnamála

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla